

Ritdómur

Um tímann og vatnið eftir Andra Snæ Magnason,
Reykjavík: Mál og menning, 2019, 320 bls.

Við teljum að orð séu auðskilin, að skilningur á þeim sé okkur eðlislægur, að heimurinn sem er orðaður í blöðum og bókum sé heimurinn sem við skynjum og skiljum en það er alls ekki svo einfalt.

(ASM, bls. 68)

Bókin fjallar um mikilvægasta mál samtímans, hamfarahlýnun af manna völdum og viðbrögð við henni. Það er gert með einhverjum slíkum undraverðum hætti að maður festist í bókinni og vill bara fá að kúra sig niður og vera þar að eilífu. Hvaða frásagnaraðferð Andri Snær velur til að ná fram slíkum áhrifum skal ósagt látið. Líkast til á eftir að finna gott heiti yfir hana en það sem hann gerir er að flétta saman raunvísindum og tilfinningum, tölfræði og trúarbrögðum, sögum af venjulegu fólki og háheilögu, Tíbet og Íslandi, kúm og krók-ódílum, Hellisheiði og Himalaja, án þess að reka í vörðurnar.

Ég ætla að leyfa mér hér að kalla bók Andra Snæs páfabréf fyrir upplýstan almenning. Það heiti vísar til nýjasta umburðarbréfs Frans páfa í Róm, *Laudato si'* eða *Lof sé þér* (2015), sem fjallar um hlýnun jarðar af manna völdum. Tungutak Andra Snæs í bókinni ber sterkan keim af orðalagi páfans en þar á ég einkum við það sem hann segir um *tengsl* og *hið heilaga*. Augljósustu þræðirnir liggja þó milli bókar Andra Snæs og búddisma, í túlkun hans heilagleika Dalai Lama, sem leikur stórt hlutverk í bókinni. Bæn Andra Snæs birtir trúarlegt inntak máls hans með óyggjandi hætti:

Móðir vor, þú ert jörðin, heilagt er vatn þitt, ég er hluti af þínu ríki og mun að lokum sameinast þér í hringrásinni máttugu og dýrðlegu að eilífu. (bls. 189)

Víkjum fyrst örstutt að hinu heilaga í gyðing-kristnu samhengi. Það er vel þekkt hugtak og það sama gildir um jörðina sem heilagt sköpunarverk Guðs en sú myndlíking á rætur að rekja til Fyrstu Mósebókar. Hinn nýi tónn sem sleginn er í umburðarbréfi Frans páfa varðar þó ekki hina heilögu jörð fyrst og fremst heldur aðra hugsun sem þekktari er innan búddisma. Hér er ég að tala um tengslahugsunina eða það að allt líf á jörðinni sé samtengt og hafi jafna stöðu í vistkerfinu. Allt líf á jörðinni er af sama meiði og er mikilvægur hluti heildarinnar. Vissulega fyrirfinnst þessi hugsun í Biblíunni en hefur verið stórlega vanrækt í síðari tíma guðfræði. Það segir Frans páfi í *Lof sé þér* og vitnar til skrifa fjölda guðfræðinga í ýmsum kristnum kirkjudeildum því til staðfestingar.

Til að gera langa sögu stutta má túlka umburðarbréf páfa sem andóf gegn tegundarhyggju sem lengi hefur verið viðtekin í vestrænni menningu. Páfi gengur gegn viðteknum túlkunum á sköpunarsögum Fyrstu Mósebókar þar sem talað er um manninn sem æðri öðrum og kórónu sköpunarverksins. Hið rétta sé að hlutverk og ábyrgð mannsins sé að „yrkja og gæta“ (1Mós 2.15) sköpunarverksins, garðsins sem Guð skapaði. Þetta er auðvitað ekki nýtt í guðfræðinni en áherslan á jöfnuðinn er þó miklum mun sterkari í orðum páfa en þekktst hefur lengi. Í ítarlegu máli gagnrýnir páfi ýmiss konar fyrirbæri sem ganga undir ýmsum

nöfnum í samtímanum, svo sem markaðshyggju, neysluhyggju, tæknihyggju og gróða-hyggju. Óhóf og ofneysla mannsins telur hann að sé rót vandans og skýri að miklu leyti ógöngur mannkyns nú um stundir. Allt þetta ófremdarástand rekur hann til tengslarofa, þ.e. þess að mannkyn hefur rofið tengslin við meðbræður sína og -systur og sett sig yfir þau innan sköpunarverksins. Það er kjarni vandans. Hver er þá lausnin? Svar páfa kemur fram í umfjöllun hans um gagnger, vistfræðileg sinnaskipti en slík sinnaskipti fela í sér algera umbyltingu hugsunar jafnt sem atferlis mannkyns á jörðinni. Lykilorð þessarar byltingar eru *jöfnuður alls líf á jörðinni* — ásamt *réttlæti*: réttlæti milli Guðs og manna, milli fátækra og ríkra og réttlæti í garð jarðarinnar. Umskiptin fela í sér að mannkyn snýr af rangri braut, hættir að niðast á jörðinni og hinum fátæku og tileinkar sér klassískar dyggðir auðmýktar, hógværdar, kærleika og réttlætis.

Það er ekki nauðsynlega svo að Andri Snær hafi lesið páfabréfið frá 2015 þótt það verði að teljast líklegt. Það skiptir í raun ekki máli fyrir þá skoðun að bók hans megi líkja við páfabréf handa upplýstum almenningi. Meginstef beggja verkanna eru loftslagsmálin, sett fram með gjörólíkum hætti. Andri Snær er skáld og rithöfundur með afburðavald á tungumálinu. Hann skilur að orð verða til og öðlast merkingu í ákveðnu samhengi, orð skiljast en hætta síðan að skiljast þegar tilvísunarramminn er ekki lengur til staðar. Við notum ítrekað gamla hugsun og gömul orð til að skilja nýja hugsun, segir hann, en síðan verða til ný orð, orð eins og *loftslagsbreytingar*, *hnattræn hlýnun* og *hamfarahlýnun*, öll eru þau dæmi um hvernig nýr veruleiki getur af sér ný orð: orð sem við skiljum ekki enn.

Andri Snær vísar til kveðskapar sálmaskáldsins Hallgríms Péturssonar sem fæddist árið 1614. Sá andans maður orti stórkostlega um synd og náð en hefði líklega átt mun erfiðara með að yrkja um frelsi, mannréttindi, lýðræði og jafnrétti, bendir Andri Snær á. Af hverju stafaði það? Af því að enginn þekkti þau hugtök almennilega á hans tíð — ekki fremur en Íslendingar gerðu almennt þegar Jörundur hundadagakonungur kom til Íslands um 1800 og vildi gefa þeim um frelsi og sjálfstæði. Íslendingar á þeim tíma höfðu ekkert heyrt af slíku og vildu því sem minnst af honum vita. Andri Snær skrifar:

Byltingaröldurnar sem brotnuðu um alla Evrópu höfðu varla borist til landsins, grundvallarritin sem skilgreindu hugtökin frelsi, jafnrétti og sjálfstæði höfðu ekki verið þýdd eða útgefin á Íslandi. Ekki aðeins var Jörundur á undan sinni samtíð á Íslandi heldur nánast öllum heiminum. [...] Hann bauð fólkinu frelsi en enginn skildi hvað hann átti við og því vildi enginn þiggja það. Hugmyndin um að fátækur maður gæti haft jafnmikið að segja og hinn ríki stangaðist fullkomlega á við veruleikann. (bls. 72–73)

Andri Snær notar þessa sögutúlkun sem uppistöðu til að lesendur skilji eðli vandans sem við er að etja nú um stundir. Við skiljum ekki merkingu orða eins og hamfarahlýnun og súrnun sjávar. Í raun eru þessi hugtök okkur jafn framandi og hugtakið sjálfstæði var Íslendingum í upphafi 19. aldar. Tómlæti okkar nú er af sömu rót runnið og tómlæti íslensku kotbændanna sumarið 1809 sem botnuðu ekkert í hvað Jörundur var að fara. Við skiljum ekki hugtökin og gerum því ekkert.

Það er engum blöðum um það að fletta að Andri Snær styðst við hávísindalegar upplýsingar í bókinni. Það er þó aðeins einn þráður af mörgum sem hann hefur í höndum sér. Svo að við náum að skilja nýju hugtökin segir hann ótal sögur þar sem hann teflir saman hinu stóra og smáa, sögum af fólkinu sínu og sögum af Oppenheimer og Andy Warhol, sögum af frosnu vatni og rennandi vatni, sögum af móðurmjólk og mjólkurmóðu og allt tengist þetta því allt er þetta hluti af sama lifandi vefnum sem lífið er, eins og Dalai Lama og páfinn útskýra svo vel.

Mögnuð samtenging hins fjarlæga og nálæga kristallast svo í frásögum af heilögum kúm. Formóðir allra heilagra kúa á Indlandi, samkvæmt ritum hindúa, er *Kamadhenu*, kýr gnægðar

og auðlegðar, en þegar betur er að gáð virðist hún sprottin úr álíka óljósu ginnungagapi og norræna kýrin Auðhumla, skrifar Andri Snær: „Allir guðir eiga sér bólstað í líkama hennar, augu hennar eru sólar- og mánagyðjur en fætur hennar, sjálf undirstaðan, er táknuð á myndum sem Himalajafjöllin“ (bls. 85). Þannig tengir Andri Snær norrænar frásögur þar sem segir frá heilögum vötnum sem hníga úr Himinsfjöllum við Himalajafjöllin, heilög fljót og helga staði þar í kring. Mýtur norrænnar hugmyndafræði vísa honum á helgasta fjall veraldar í Himalajafjöllum en þar eru uppsprettur mikilvægustu og heilögustu stórflyóta Asíu. Vatnið er heilagt því að það nærir lífið. Án jöklanna og snævarins er ekkert og verður ekkert líf. Fornorrænan og sanskrít eiga báðar orð sem hljóma líkt og Humla, og merkja vetur og snjó, frost eða hrim. Auðhumla táknar auðsnjó, hið frosna vatn í veröldinni sem umbreytist í fljótandi uppsprettur lífsins.

Andri Snær rær á sömu mið og Frans páfi og Dalai Lama. Allt í heiminum samtengist og allt líf á jörðinni byggist á vatni, ís og snjó. Þetta er inntak fornra trúarlegra rita, kristinna sem annarra, og einnig nýjustu vísinda. Aðalatriðið nú um stundir er þetta: Jöklarnir í Himalaja, hið fullkomna kerfi lífs á plánetunni okkar, mega ekki bráðna. Gerist það, er lífi mannkyns stefnt í mikinn voða.

Bók Andra Snæs stendur vel undir því að kallast páfabréf í þess orðs bestu merkingu. Hún er allt í senn boðandi, vekjandi og vísindaleg en umfram allt einlæg tilraun til að miðla merkingu óskiljanlegra orða og hugtaka í samtímanum um hamfarahlýnun og áhrif hennar á líf á jörðinni. Bókin skilur mann eftir í einhvers konar vímu sem maður vill þó alls ekki losna úr. Í miðri bók eða þar um bil tók ég eftir því að ég fór að lesa hægar og hægar og jafnvel lesa aftur það sem ég hafði þegar lesið, allt til að draga á langinn hið óhjákvæmilega: að bókinni lyki og lestrinum þar með.